

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Einarstaða.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 21. júní 2012 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Einarstaða í Þingeyjarsveit, sem upphaflega var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 23. nóvember 2010.

Helstu breytingar felast í því að þakform er gefið frjálst, ákvæði um hámarksvegg hæð fellt niður og heimilað að nýta þakrými með salarhæð minni en 1,8 m.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust og deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Þingeyjarsveit, 22. júní 2012.*

**Bjarni Reykjalin** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2012